

16. febrúar 2024.

Efni: Umsögn um drög að lagafrumvarpi um tímabundin rekstarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavík. Mál 675.

Þann 8. febrúar síðastliðinn birtust drög að lagafrumvarpi um tímabundin rekstarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavík mál nr. 675.

Optimal á Íslandi ehf. Er fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið starfrækt frá árinu 2001 á sömu kennitölu og þurfti ekki á stuðningi í gegnum efnahagshrunið og ekki heldur stuðning í gegnum Covid. Við erum lítið matvælafyrirtæki sem seljum okkar efnablöndur aðalega til fyrirtækja tengdum sjávarútvegi, stærri partur af okkar vöru fer á erlendan markað. Samkeppnin er hörð og ef við getum ekki afgreitt okkar vöru leita kúnnar annað.

Við höfum reynt eftir fremsta megni að komast til Grindavíkur frá 10.nóv. það tókst ágætlega í desember og fram til 12.jan. Reyndar að keyra Kleifarvatnið í 1 klst. Hvara leið sem segir sig sjálft að gengur ekki til lengri tíma.

Optimal ehf. Hefur nú þegar flutt stærstan part af sinni framleiðslu til samkeppnisaðila sem er aldrei gott en ef það á að vera hægt að afhenda vöru þá verður að framleiða hana.

Ótryggt umhverfi og óvissa um framleiðslugetu er það versta fyrir framleiðslufyrirtæki sem vinnur á hörðum samkeppnismarkaði.

Því teljum við okkar besta kost að visa í umsögn SA (sjá að neðan) Það getur hugsanlega gefið okkur súrefni til að endurmeta okkar stöðu um uppbyggingu annarsstaðar eða í það minsta gefur okkur tækifæri á að blæða ekki alveg út.

Vísa í umsögn SA um frumvarp til laga um kaup á íbúðarhúsnæði síðan 12. febrúar þar sem eftirfarandi kemur fram;

“Fasteignir og lausafé sem er brunatryggt er váttryggt í samræmi við lög nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands. Lögin mæla m.a. fyrir um skyldu til að váttryggja allar húseignir gegn tjóni af völdum náttúruhamfara. Gera lögin engan greinarmun á atvinnu- og íbúðarhúsnæði í því sambandi. Allar sömu takmarkanir er að finna í skilmálum trygginga vegna atvinnuhúsnæðis er varða tjón sem hlýst af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalla eða annarra náttúruhamfara (force majeure) og í tryggingum sem snúa að íbúðarhúsnæði. Eigendum atvinnuhúsnæðis stendur því ekki til boða frekari tryggingavernd gegn náttúruhamförum en öðrum fasteignaeigendum.”

Læt mynd fylgja frá fundinum á Grand Hotel 15.feb. 2024 frá almannavörnum um sprungu/holrúmssvæði í Grindavík. Merki okkar fyrirtæki þar inn með bleiku X.

Virðingarfyllst :

Ingvar Guðjónsson Optimal á Íslandi ehf. 481001-2930



X

5/2